


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 2	<b>Áfangaheiti ÍPF 232 Kennsluáætlun Vor 2012</b>	

<b>Kennari</b>	<b>Hinrik Þórhallsson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>HPÓ</b>
----------------	---------------------------	---------------	------------

#### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga er farið yfir helstu atriði í íslenskri íþróttasögu. Auk þess er komið inn á helstu þætti í íþróttasögu, s.s. Ólympíuleika og ýmsar greinar íþróttar. Fjallað er um gildi íþróttar og vægi í nútímasamfélagi. Komið er inn á félagslegar rannsóknir á sviði íþróttar hér á landi, áhrif fjölmiðla á þróun íþróttar, kynjamun og íþróttaiðkun og tengsl fjármagns og auglýsinga við íþróttir. Fjallað er um stefnur í íþróttum, s.s. afreksmannastefnu íþróttahreyfingarinnar og afreksmannasjóð. Vikið er að skipulagningu íþróttahreyfingarinnar og uppbyggingu, bæði hérlendis og erlendis. Einnig verður komið inn á uppbyggingu frjálsra félagsamtaka, sérstaklega íþróttafélaga. Nemendur fá þjálfun í stjórnunarstörfum, s.s. að sjá um fundarsköp.


#### Áfangamarkmið:

Nemandi

- kynnist sögu íþróttar á Íslandi
- þekki glímu, þjóðariþrótt Íslendinga
- þekki helstu atriði í sögu Ólympíuleika
- skilji gildi íþróttar sem forvarnarstarfs
- þekki uppbyggingu og skipulag íþróttahreyfingarinnar á Íslandi
- læri um áhrifamátt og tengsl fjölmiðla og fjármagns við íþróttir
- læri um félagsmál og fundarsköp

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
1-18 vika	Kynning á efni áfangans og kennsluáætlun afhent. Íþróttasaga landsmanna allt frá landnámi og fram á okkar daga. Fjallað um íþróttir fornanna (vopnaburð, fangbrögð o. fl.) sundið og upphaf sundkennslu. Þá verður einnig fjallað um upphaf íþróttakennslu í skólum. Þróun helstu íþróttagreina o.s.frv.  Íþróttir í samfélagslegu ljósi. Fjallað verður um afreksíþróttir og almenningsíþróttir, tengsl fjölmiðla og fjármagns við íþróttir, menntun o.fl. Vikið er að uppbyggingu og skipulagi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Þróun helstu íþróttagreina á Íslandi frá 1950 til okkar daga. og fjallað um félagsmál og fundarsköp.	Unnið með heimildir og nemendur vinna ýmis verkefni úr efni áfangans

*Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.*

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Áfangaeiti ÍPF 232 Kennsluáætlun Vor 2012</b>	

Tegund	Námsgögn (nafn bókar og nánari lýsing á gögnum)
Bækur	Ágrip af sögu íþróttar (Ísland) og Íþróttir og samfélag eftir DR. Ingimar Jónsson 1983 nánar í samráði við kennara
Tímarit	Heimildir á tölvu
Myndbönd	Ýmis myndbönd er tengjast efni áfangans
Ljósrit (afhent)	Afhent eftir því sem tilefni er til
Annað (t.d. ítarefni)	Bækur og efni frá bókasafni

Annað	Lýsing
Hópavinna	Vinna nokkur saman að myndbandsverkefni um afmarkað efni sem tengist íþróttum og samfélagi

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt		
Skyndipróf		
Frammistaða á önn	Þátttaka og vinnusemi	50%
Munnlegt		
Annað	Framsetning og flutningur nemenda á því efni sem þau vinna að.	50%

Ef starfsmaður sér tækifæri til umbóta á skólustarfsemi eða nauðsyn á forvörnum lætur hann gæðastjóra vita með tölvupósti

**Dagsetning:**

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils